

Ólöglegt varnarefni í sesamolíu

Icepharma hefur í samstarfi við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innkallað Clearspring sesamolíu 500 ml og Clearspring sesamolíu ristaða 500 ml. Varnarefnið ethylene oxíð greindist í vörunni sem er ekki leyfilegt til notkunar í matvæli. Innköllunin nær ekki til 250 ml sesamolíu.

Matvælastofnun fékk upplýsingar um vöruna í gegnum RASFF evrópska viðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður og gerði heilbrigðiseftirlitinu viðvart.

Innköllumin á eingöngu við eftirfarandi lotur:

Vörumerki	Clearspring
Vöruheiti	Cl.Sp Sesame Oil 500 ml 45602760
Strikamerki	5021554981534
Nettómagn	500 ml
Best fyrir dagsetning	3.7.2021
Lotunúmer	N029
Innflytjandi	Icepharma, Lynghálss 13
Dreifing	Fjarðarkaup og Veganbúðin

Vörumerki	Clearspring
Vöruheiti	Cl.sp Toasted Sesame Oil 500 ml 45602741
Strikamerki	5021554982432
Nettómagn	500 ml
Best fyrir dagsetning	20.9.2021
Lotunúmer	N108
Innflytjandi	Icepharma, Lynghálss 13
Dreifing	Fjarðarkaup og Veganbúðin

Viðskiptavinir sem keypt hafa ofangreinda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir Davíð vörumerkjastjóri Icepharma í síma 8218072 eða með tölvupósti á netfangið davidb@icepharma.is